

Alþingi  
Nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 27.05.2010  
nr. erindis 201005019 sój

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012.

Meðfylgjandi er umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar vegna þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012.

Ekki er gefin umsögn um þann hluta samgönguáætlunar sem lýtur að Flugmálaáætlun og Siglingamálaáætlun þar sem þær áætlanir snerta sveitarfélagið Mosfellsbæ einungis að óverulegu leyti.

Í fyrirliggjandi tillögu að samgönguáætlun eru þeir fjármunir sem ætlaðir eru til uppbyggingar Vesturlandsvegur árin 2009-2011 sem hér segir;

1. Vesturlandsvegur frá Þverholti að Þingvallavegi er 561 m.kr.
2. Mislæg gatnamót við Leirvogstungu 389 m.kr.
3. Úlfarsfellsvegur að Þverholti 89 m.kr.

Fyrri tvö verkefni eru komin á framkvæmdastig en ekki er ljóst í hvaða framkvæmdir Vegagerðin ætlar, varðandi síðastnefnda verkefnið. Brýnt er orðið að ráðast í úrbætur á kaflanum milli Skarhólabrautar og Langatanga þar sem vegurinn er 2+1. Þá eru vegaxlir á kaflanum milli Langatanga og Þverholts sem gerðar voru að akreinum árið 2000 farnar að siga það mikið að þær eru að verða slysgildra og öryggissvæði eins og kunnugt er of lítil.

Þess ber þó að geta að nokkrir stórir óskiptir liðir eru í áætluninni sem ætlaðir eru í úrbætur vegna öryggismála, göngubrýr og undirgöng og gerðar hjólreiðastíga á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að Mosfellsbær fái sinn hlut af þessum fjármunum. Gert er ráð fyrir skiptingu þess fjár sem hér segir:

- Öryggisaðgerðir 200 m.kr. 2012 og 2013, samtals 400 m.kr.
- Hjóla- og göngustígar 200 m.kr. 2012 og 2013, samtals 400 m.kr.
- Göngubrýr og undirgöng 100 m.kr. 2012 og 2013, samtals 200 m.kr.


Samkvæmt heimild sem er að finna í vegalögum nr. 80/2007 og samkomulag samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfisráðherra um aðgerðir í umhverfismálum og í samræmi við Staðardagskrá 21 er ekkert því til fyrirstöðu að hafinn verði undirbúningur að hjólreiðastíg meðfram Vesturlandsvegi á kaflanum frá Skarhólabraut í Mosfellsbæ að Bauhaus-lóðinni í Reykjavík. Á þeim kafla vantar sárlega hjólreiðastíg og neyðast hjólreiðamenn til að hjóla eftir sjálfum Vesturlandsveginum, en vegurinn er eins og kunnugt er stórhættulegur fyrir hjólandi umferð miðað við núverandi aðstæður. Stígur meðfram Vesturlandsvegi er fyrir hendi í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Um er að ræða stuttan kafla sem á að rúmast vel innan þeirra 400 m.kr. sem gert er ráð fyrir að falli í hlut suðvesturkjördæmis til gerðar hjólreiðastíga árin 2011 og 2012 samkvæmt tillögu að samgönguáætlun. Vegagerðin hefur tekið vel í að undirbúa það verkefni en ýta þarf á eftir aðkomu Reykjavíkur þar sem um tengingu milli sveitarfélaga er að ræða.



Lögð er áhersla á að enn vantar undirgöng undir Reykjaveg (Kóningsveg) fyrir reiðmenn og gangandi, göngubrú yfir Vesturlandsveg milli Krikahverfis og miðbæjar og undirgöng undir Þingvallaveg við Hraðastaði.

Að lokum er rétt að nefna það að undir liðnum 4.1.3. Sérstök fjármögnun þar sem gert er ráð fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun vegaf framkvæmda er Vesturlandsvegur síðastur stofnvega í framkvæmdaröðinni, ætlunin er að ráðast fyrst í framkvæmdir við Suðurlandsveg og Reykjanesbraut en áætlað að framkvæmdir hefjist við Vesturlandsveg fyrst árið 2013.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar



Stefán Ómar Jónsson  
framkvæmdastjóri stjórnslusviðs

